

3. Viðbragðsleiðbeiningar: Sprengjuhótanir eða grunsamlegur hlutur – almennt

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur, skal hlýða fyrirmælum hennar.

Mestar líkur eru á að sprengjuhótun berist símleidis en einnig með skilaboðum sem hafa verið rituð einhvers staðar, með tölvupósti, munnlega í samtali eða með öðrum hætti. Hverja hótun ætti að meðhöndla í samræmi við þær aðstæður og það umhverfi sem er fyrir hendi hverju sinni. Lögreglan og stjórnendur skólafnunar eru best til þess fallin að meta trúverðuleika hótunar.

3.1 Almennar leiðbeiningar

- Halda ró sinni
- Hringja í neyðarlínuna 112 og óska eftir lögreglu. Láta stjórnendur skólans strax vita
- Hótun í gegnum síma:
 - Reyna að halda þeim sem hringir í símanum eins lengi og hægt er
 - Sýna kurteisi og halda samtalinu áfram
 - Reyna að láta þá sem eru umhverfis þig vita með einhverjum hætti svo þeir geti mögulega hlustað með þér eða látið stjórnendur vita
 - Skrifa hjá sér eins mikið af upplýsingum og hægt er, símanúmer, orðalag, lýsingu á rödd og hegðun – upplýsingar gætu hjálpað lögreglu. (Nota gátlista hér fyrir neðan ef mögulegt er)
 - Taka samtalið upp ef það er hægt
- Hótun sem berst munnlega í samtali
 - Taka eftir hvert viðkomandi fór eftir að samtalinu lauk
 - Hringja í 112, lögregluna og upplýsa stjórnendur skólans
 - Reyna að skrifa hótunina niður eins og hún var sögð orðrétt
 - Taka eftir útliti og hegðun þess sem bar hótunina fram:
 - Nafn
 - Húðlitur
 - Kyn
 - Fatnaður (litur og merki)
 - Líkamsbygging
 - Augnlitur, hárlitur og hárvöxtur
 - Ef það er eitthvað sem sker sig úr við útlit
 - Rödd, raddblær, tungumálahreimur
- Rituð hótun:
 - Snerta, það sem ritað var á, eins lítið og hægt er
 - Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
 - Endurskrifa hótunina á annað blað og skrá einnig:
 - Dagsetningu, tíma og staðsetningu þegar hótunin barst
 - Lýsa aðstæðum og staðsetningu þegar hótunin barst
 - Fullt nafn allra þeirra sem séð hafa hótunina
 - Það sem hótun var skrifuð á skal ekki átt við eða það hreyft úr stað
- Hótun með tölvupósti:

- Halda viðkomandi tölvupósti opnum á tölvunni
- Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
- Prenta út-, taka afrit af-, taka skjámynd eða ljósmynd af tölvupóstinum og skrá dagsetningu og tíma

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu.

Yfirvöld meta trúverðugleika hótunarinnar og ákveða hvort möguleg ógn sé til staðar. Vera reiðubúin að svara spurningum yfirvalda og fylgja þeim leiðbeiningum sem þú færð frá lögreglu og/eða stjórnendum skólastofnunar varðandi leit að hlutum í nærumhverfi, lokunum og rýmingu.

Ef grunsamlegur hlutur finnst:

Ef nemandi eða starfsmaður í skóla finnur eða sér hlut sem virðist grunsamlegur skal fylgja neðangreindum leiðbeiningum:

- Halda ró sinni
- Ekki snerta eða hreyfa við hlutum
- Hringja í 112, lögregluna og láta stjórnendur skólans vita
- Útskýra af hverju hluturinn telst grunsamlegur
- Fara eftir þeim leiðbeiningum sem verða gefnar. Yfirvöld munu meta aðstæður og gefa fyrirsmáli um hvað skuli gera næst
- Ef hætta er á ferðum skal fara í burtu og leita skjóls frá grunsamlegum hlut. Fjarlægð og skjól eru besta vörnin ef um sprengju er að ræða
- Fara skal gætilega, hættulegir hlutir gætu leynst annars staðar í námunda við þann sem þegar hefur fundist

Hvað er grunsamlegur hlutur?

Grunsamlegur hlutur getur verið hvaðeina sem talið er geta innihaldið sprengiefni, heimatilbúna sprengju eða önnur hættuleg efni. Hluturinn gæti til dæmis verið taska, böggull, kassi, bifreið eða annar hlutur sem vekur grunsemdir. Þannig hlut getur þurft að rannsaka nánar og meðhöndla af sprengjusérfræðingum. Grunsamlegar vísbendingar geta verið sprengjuhótanir, staðsetning hlutar og nálægð hlutar við fjölsóttu staði og mikilvæga innviði. Aðrar grunsamlegar vísbendingar geta til dæmis verið vírar eða torkennilegur rafeindabúnaður sem festur er við grunsamlegan hlut. Einnig torkennileg hljóð, lykt eða gufur sem berast frá grunsamlegum hlut.

Almennt séð, ef hlutur er augljóslega grunsamlegur og tilheyrir augljóslega ekki því umhverfi sem hann er í eða reynt hefur verið að fela hann, ætti hluturinn að teljast grunsamlegur.

GÁTLISTI VEGNA SPRENGJUHÓTUNAR; VERTU RÓLEG/UR – VINGJARNLEGUR - HALTU SAMBANDINU, EKKI LEGGJA Á. REYNDU AÐ VEKJA ATHYGLI SAMSTARFSFÓLKIS Á MÁLINU TIL AÐ FÁ AÐSTOÐ VIÐ AÐ TILKYNNNA LÖGREGLU UM MÁLIÐ Á SAMA TÍMA.

A. Skráðu niður tilkynninguna eins orðrétt og mögulegt er:

B. Spurðu spurninga til að reyna að staðreyna hvort hótunin sé trúverðug eður ei. Biddu viðkomandi að endurtaka ef mögulegt er.

Dæmi um spurningar:

Hvar er sprengjan? _____

Hvenær springur hún? _____

Hvernig lítur hún út? _____

Hvernig sprengiefni er notað? _____

Hversu mikið sprengiefni? _____

Hvers vegna gerir þú þetta? _____

Hver ertu? (nafn, heimili) _____

C. Svaraðu eftirfarandi spurningum og merktu við viðeigandi reiti.

Röddin er : ___sterk ___ óskýr ___ veik ___ mjúk ___ dimm ___ skær

Málfar er: ___ virðulegt ___ hægt ___ stamandi ___ hraðmælt ___ kurteist ___ slangur
___ þvoglumælt

Tungumál: ___ íslenska ___ útlenska. Hvaða land? _____

Framburður: _____

Framkoma: ___ æstur ___ ölvaður ___ rólegur ___ ákveðinn ___ taugaveiklaður
___ hlæjandi ___ reiður ___ fáránlegur

Bakgrunnshljóð: ___ vélarhljóð ___ umferðarniður ___ vélritunarhljóð ___ raddir
___ tónlist ___ flugvélahljóð ___ samkvæmiskliður ___ hvísl ___ pískur ___ þögn
___ annað _____

D. Nafn þitt: _____ Dagsetning: _____

Tími: _____ Kyn þess sem hringdi: _____

Aldur: _____

Fannst þér koma fram í samtalinu að viðkomandi væri kunnugur flugvélum eða byggingum sem hótunin beinist gegn?

Gátlista þennan skal fylla út og koma honum strax til lögreglu !

